

Ár 2013, föstudaginn 20. september, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni og Kolbeini H. Stefánssyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör forstöðumanns Námsgagnastofnunar

I.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Forstöðumaður Námsgagnastofnunar er forstöðumaður samkvæmt 13. tölulið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1996 og er á lista fjármálaráðherra yfir forstöðumenn samkvæmt 2. mgr. 22. gr. sömu laga. Heyrir því undir kjararáð að ákveða honum laun.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 25. janúar 2013 frá forstöðumanni Námsgagnastofnunar þar sem þess er óskað að kjararáð endurskoði laun forstöðumannsins til hækkunar þannig að þau verði í samræmi við laun ýmissa annarra sem telja megj eðlilegt að bera laun hans saman við. Að jafnaði starfi um 130 manns á hverju ári við námsgagnagerð fyrir Námsgagnastofnun. Fastir starfsmenn séu 27 en verktakar sem ráðnir eru tímabundið séu allt að 150 á ári. Margir höfundar starfi fyrir stofnunina í mörg ár við gerð bókaflokka en algengt sé að þeir starfi í tvö til sex ár samfelld við samningu námsefnis. Auk höfunda starfi teiknarar, ljósmyndarar, forritarar og framleiðendur fræðslumynda fyrir stofnunina. Þess utan geri stofnunin umfangsmikla samninga við margar prentsmiðjur, umbrotsfólk og bókbindara.

Með bréfum dagsettum 1. febrúar 2013 gaf kjararáð fjármála- og efnahagsráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneyti kost á að leggja fram greinargerðir vegna erindisins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Fjármála- og efnahagsráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 13. febrúar 2013. Í bréfinu segir að fjármála- og efnahagsráðuneytinu sé ekki kunnugt um á hvern hátt starfsemi Námsgagnastofnunar hafi breyst eða aukist frá því að kjararáð úrskurðaði síðast um launakjör forstöðumannsins þann 20. janúar 2006, að öðru leyti en fram komi í bréfi hans.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 12. mars 2013. Með bréfinu eru staðfestar upplýsingar um verksvið og ábyrgð sem starfi forstöðumanns Námsgagnastofnunar fylgir. Að mati ráðuneytisins eigi launin að bera með sér viðurkenningu á þeirri faglegu og fjárhagslegu ábyrgð sem forstöðumaður Námsgagnastofnunar hafi og vera í samræmi við laun annarra forstöðumanna sem svipaða ábyrgð bera.

Með bréfi dagsettu 22. mars 2013 fékk forstöðumaður Námsgagnastofnunar send bréf fjármála- og efnahagsráðuneytis og mennta- og menningarmálaráðuneytis til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra.

Í bréfi forstöðumannsins dagsettu 5. apríl 2013 er ítrekað að hjá stofnuninni starfi að jafnaði 100 til 150 manns á hverju ári. Þetta fólk vinni hlutastarf fyrir stofnunina, taki að sér verkefni sem hafi verið vel skilgreind fyrirfram, þurfi að lúta reglum stofnunarinnar um gerð námsefnis og vinni undir ritstjórn fastra starfsmanna. Margir séu í vinnu í tvö til sex ár samfelld og sumir í allt að tíu ár. Námsgagnastofnun sé framleiðslufyrirtæki, ólíkt flestum öðrum ríkisstofnunum og ekki margar stofnanir sem hafi svo marga verktaka að störfum undir sinni stjórn. Það hlutverk Námsgagnastofnunar að sjá til þess að allir grunnskólanemendur fái viðunandi námsefni sé afar mikilvægt og ábyrgðarmikið.

III.

Námshagnastofnun starfar samkvæmt lögum nr. 71/2007 um námshgögn. Markmið laganna er að tryggja framboð og fjölbreytileika námshgagna í samræmi við þarfir nemenda og skóla. Í lögnum er kveðið á um ábyrgð og stuðning ríkisins við þróun, gerð og útgáfu námshgagna fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla og um öflun námshgagna fyrir grunnskóla.

Hlutverk Námshagnastofnunar er að leggja grunnskólum til námshgögn í samræmi við meginmarkmið náms og kennslu á grunnskólastigi samkvæmt grunnskólalögum og aðalnámskrá. Stofnunin ber ábyrgð á gerð, útgáfu, framleiðslu og dreifingu námshgagna sem hún framleiðir í samræmi við ákvæði laganna. Stofnunin hefur með höndum þróun námshgagna og hefur frumkvæði að könnunum og rannsóknum á gerð þeirra og notkun. Stofnunin annast einnig kynningar- og fræðslustarfsemi um námshgögn fyrir skóla. Þá skal stofnunin hafa samráð við kennara og skóla og fylgjast með þróun og nýsköpun í námshgagna-gerð fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla.

Ráðherra skipar forstöðumann Námshagnastofnunar til fimm ára í senn. Forstöðumaður skal hafa háskólamenntun og þekkingu á verksviði stofnunarinnar. Forstöðumaður annast daglega stjórn stofnunarinnar og ber ábyrgð á fjárreiðum hennar. Þá skipar ráðherra Námshagnastofnun fimm manna stjórn til fjögurra ára í senn. Stjórnin markar Námshagnastofnun stefnu í samráði við forstöðumann, staðfestir að árlegar starfs- og fjárhagsáætlanir séu í samræmi við markaða stefnu, veitir forstöðumanni ráðgjöf og fylgist með starfsemi stofnunarinnar.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð hefur ekki áður tekið ákvörðun um laun forstöðumanns Námshagnastofnunar en kjaranefnd ákvað honum laun 20. janúar 2006. Frá þeim tíma hafa laun hans tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjaranefndar og síðar kjararáðs. Umfang starfsemi Námshagnastofnunar hefur aukist og breyst og gefur það tilefni til breytinga á launakjörum forstöðumannsins.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun forstöðumanns Námshagnastofnunar skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. febrúar 2013 skulu mánaðarlaun forstöðumanns Námshagnastofnunar vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 134, nú krónur 739.473. Að auki skal greiða honum 13 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-132, nú krónur 6.918. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstöðumanns Námsgagnastofnunar gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Svanhildur Kaaber

Jónas Þór Guðmundsson

Kolbeinn H. Stefánsson